


Forritanlegar raflagnir.

Raflagnir íbúðar gefur möguleika á bæði hefðbundnum raflögnum og forritanlegum . Ef nota á forritanlegar raflagnir þarf að hafa í huga að nota skal sérstakan kapal fyrir bus lagnir YCYM 2x2x0,8mm (4KV) eða J-Y(ST)Y 2x2x0,8mm (2,5KV).
Kapallinn er skermaður, en ekki má jarðbinda skerminguna.
Lágmark 4mm verða að vera á milli bus línu og 230V línu, eða 2x þvermál vírs. Ef leggja á bus kapalmeð 230V kapli, verður annar kapallinn að hafa hlífðarkápu.
Ekki má láta bus línu liggja þétt við samskiptalínu t.d. símalínu.
Aðeins 2 af 4 vírum kapals eru notaðir (rauður og svartur), og ekki má nota hina tvo (hvíta og gula) sem samskiptalínur.
Mikilvægt er að láta kápu kapals ná að tengiklemmu búnaðar, þar sem verið er að ganga frá búnaði t.d. í töfum.
Ekki má nota sameiginlega tengidós fyrir instabus og 230V kerfi án þess að hólfa hana niður.
Dósir fyrir instabus búnað eru venjulegar R/T dósir 50mm djúpar.
Taka þarf tillit til þess búnaðar sem nota skal til að R/T dósir séu rétt staðsettar.
Notuð eru sérstök tengi fyrir EIB búnað og eru þau með lás á hliðunum til að koma í veg fyrir umpólun.
Hæfileg einángrun vírs inn á tengin eru 8mm.

ATH að það má raðtengja og stjörnutrngja bus lagnir en EKKI HRINGTENGJA.

Ef stýra á hitakerfi með forrituðum raflögnum þarf að koma fyrir segullokum við grind fyrir hitaslaufur, þar sem hitakveikjar eru staðsettir í þar til gerðum tengikassa (Tb.01 í bílskúr).
Ef nota á ofna, þarf að setja tengidós við hvern ofn til að stjórna viðkomandi segulloka. Ef nota á mótorloka beint inn á t.d. EIB kerfi þarf að draga bus-línu að tengikassa fyrir EIB.
Lagnir eru í húsinu fyrir birtu og hitanema úti.

Þessar skýringar miðast við að ekki sé búið að taka ákvörðun um raflagnir fyrir uppsteypu, en ef fyrirfram er ákveðið að nota forritanlegar raflagnir er kerfið hannað og lagt í samræmi við það.

| BREYTINGAR | | Dags. | Yfirfarið |
|---|---|---|---|
| 1 | | 20.09'07 | RþS |
| 2 | | | |

Raflagnahönnun
Helga Reimarssonar
Múlalind 2 Sími 691-2085
Email: helgireimars@internet.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verkefni: | Drekavellir 33 | | |
| Staður: | Hafnafjörður | | |
| Skýring: | Lagnaleiðir fyrir forritanlegar raflagnir | | |
| Verknúmer: | 51-2007 | Teiknað: | H.S.R. |
| Hönnun: | H.S.R. | Blað: | 6 af 8 |
| Mælikvarði: | 1:50 | Dagsetning: | 04.2007 |
| KT: 310355-5699 | | Samþ: | [signature] |